

Stjórnarfundur FUM var haldinn miðvikudaginn 24. janúar 2007 kl. 14:30 í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Ragnar Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Litið yfir starfið 2006 og hvað er framundan 2007.
2. Útkoma tímaritsins, staða mála. Útgáfuteiti?, fjárhagsstaða, dreifing, annað.
3. Aðalfundur FUM 2007, tímasetning og undirbúningur.
4. Heimtur á félagsgjöldum.
5. Félagaskrá, heimasíða.
6. Önnur mál

1. Litið yfir starfið 2006 og hvað er framundan 2007. Rætt var um starfið 2006. Meðal annars kom fram að fundamenn voru sammála um að fræðsludagur sem haldinn var 25. nóvember hafi tekist vel. Haldin voru ýmis námskeið og var mæting yfirleitt góð. Framundan er aðalfundur félagsins

2. Útkoma tímaritsins, staða mála. Útgáfuteiti?, fjárhagsstaða, dreifing, annað.

Ragnar ritstjóri benti á að lög vantaði um tímaritið, t.d. um ráðningartíma stjórnarmanna og ritstjóra. Ákveðið var að Ragnar kæmi með uppkast að lögum og bæri undir næsta aðalfund. Ákveðið var að halda útgáfuteiti 1. febrúar í húsnæði Námsmatsstofnunar, í tilefni af útkomu Tímarits um menntarannsóknir, 3. tbl. 2006. Dreifingarmál voru rædd og ákveðið að senda eldri tímarit á bókasöfn og bjóða nýja ritið til kaups.

3. Aðalfundur FUM 2007, tímasetning og undirbúningur.

Samkvæmt lögum félagsins ber að halda aðalfund fyrir 15. mars ár hvert. Ákveðið var að fundurinn yrði haldinn mánudaginn 12. mars kl. 15:30 í húsnæði Kennaraháskólans. Núverandi stjórn hefur setið í tvö ár og stjórnarskipti því framundan. Nokkuð var rætt um hugsanlega arftaka stjórnar. Á stjórnarfundinum mun Guðný leggja fram skýrslu stjórnar, lagabreytingar vegna Tímarits um menntarannsóknir verða bornar undir fundinn og nýir stjórnarmenn verða tilnefndir. Einnig þarf að tilnefna skoðanamenn reikninga. Stjórnin mun leggja til að félagsgjöld verði óbreytt.

4. Heimtur á félagsgjöldum.

Um 90 félagsmenn hafa þegar greitt félagsgjald.

5. Félagaskrá, heimasíða.

Mikilvægt er að fara í gegnum félagaskrána og hreinsa til því tímaritið verður sent út á næstu dögum. Ákveðið var að Amalía myndi senda tölvupóst á félagsmenn og biðja þá að athuga hvort þeir væru skráðir með rétt heimilisfang í félagaskrá. Eitthvað er um að fólk sé í félagaskrá sem ekki er á póstlistanum. Þarf að samræma.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundi slitið 17:00.